

mannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 krónur til hvors þeirra, greiðist af almannatfé.

Nr. 42/1899:

Réttvísingegn
Guðna Guðnasyni.

D ó m u r :

Með dómi aukaréttar Árnassýslu, uppkveðnum 23. júní þ. á., var hinn ákærði, tómthúsmaður Guðni Guðnason á Hamri í Gaulverjabæjarhreppi, dæmdur fyrir þjófnað samkvæmt 230. gr. og 231. gr. 4. tölul. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 8 mánaða betrunarhúsvinnu, og til að greiða allan kostnað málsins. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins eftir ósk hins ákærða.

Það er með eigin játingu hins ákærða og öðrum skýrslum í málinu löglega sannað, að hann hafi aðfaranótt hins 14. desbr. f. á. stolið nálægt því vætt eða 84 pd. af harðýsu úr læstri skemmu og úr saltgeymsluhúsi á Vestri-Loftsstöðum, og síðan hagnýtt sér hið stolna, og eru hin nánari atvik að þjófnaðinum þessi. Nokkrum dögum áður en hann framdi þjófnaðinn, tók hann eftir því, að það mundi vera auðvelt að stela af ýsunn, og ásetti hann sér þá að gjöra það. Hann smíaði sér lykil að skemmuskránni, en lásinn að saltgeymsluhúsinu, sem var ónýtur, vissi hann að hægt

var að opna lykilslaust. Nóttina milli 13. og 14. desbr. f. á. fór hann síðan frá heimili sínu og hélt niður að Vestri-Loftstöðum. Lauk hann skemm-
unni upp með lyklinum, sem hann hafði með sér, fór upp á skemmuloftið, og tók þar töluvert að
harðýsu ofan af fiskhlaða, bar hana út úr húsinu
og læsti því síðan. Síðan gekk hann að salt-
geymsluhúsinu, sem er á túninu fyrir neðan bæ-
inn, kipti lásnum upp verkfæralaust, og tók þar
inni nokkrar harðýsur ofan af fiskhlaða, sem þar
var. Bar hann ýsurnar út og lokaði húsinu. Síð-
an tók hann sleða, sem hann hafði séð fyrir vest-
an bæinn, lagði ýsurnar á hann, og dró hann
vestur að Stokkseyri, en þangað kom hann snemma
morguninn eftir. Ýsurnar lagði hann inn í verzlun
á Stokkseyri, og tók ýmislegar búðarvörur út á
andvirðið, en það var 10 kr. 8 aur. Vörum þess-
um varði hann til heimilisþarfa. Sleðann skildi
hann eftir niður við sjóinn og hefir hann eigi
komið til skila. Eigendur hinna stolnu muna hafa
eigi krafist endurgjalds fyrir þá.

Þessi verknaður hins ákærða, sem kominn er
yfir lögaldur sakamanna, og eigi hefir áður verið
dæmdur fyrir glæp, er af héraðsdómaranum rétti-
lega heimfærður undir 231. gr. 4. lið og 230. gr.
hegningarlaganna, en hegningin þykir hæfilega
ákveðin 10 mánaða betrunarhúsvinna. Með því
að yfirdómurinn felst á ákvæði aukaréttardómsins
um málskostnað, skal téður dómur staðfestur með
greindri breytingu á hegningunni. Hinn ákærði

skal og greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflyttingslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður, þó þannig, að hegningin sé 10 mánaða betrunarhúsvinna. Ákærði Guðni Guðnason greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflyttingslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 41/1899:

Réttvísinn

gegn

Helga Ingimundssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukaréttar Árnæssýslu, upp kveðnum 22. júní þ. á., var hinn ákærði Helgi Ingimundsson, vinnumaður í Litlu-Sandvík, dæmdur samkvæmt almennum hegningarlögum 25. júní 1869, 234. gr. 1. og 2. lið, fyrir einfaldan þjófnað og stórþjófnað til að sæta betrunarhúsvinnu í 2